

29. nóvember 1988

1289

Nr. 510

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði á Hjallavegi gagnvart Hólsvegi.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. desember 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. nóvember 1988.

Böðvar Bragason.

25. nóvember 1988

Nr. 511

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 206 17. apríl 1984 um gatnagerðargjöld í Reykjavík.

Ákvæði til bráðabirgða hljóði svo:

Til 1. júlí 1990 skulu eftirfarandi ákvæði gilda.

Eigendur eignarlóða, aðrir en þeir, sem borgarstjórn hefur gert sérstakan samning við, handhafar leigulóða og lóðarhafar lóða, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, en hafa enn ekki fengið leigulóðarsamning, geta sótt um nýbyggingar, stækkanir og breytingar húsa til byggingarnefndar skv. nýtingarhlutfalli samþykks aðal- eða deiliskipulags. Til 30. júní 1989 greiðist ekki gatnagerðargjald af eignarlóðum né leigulóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959. Á tímabilinu 1. júlí 1989 til 30. júní 1990 skal greiða 1/2 gatnagerðargjald af eignarlóðum og lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 4. maí 1984, en eftir 1. júlí 1990 skal greiða af þeim fullt gjald.

Af öðrum lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað skal greiða gatnagerðargjald skv. þeim skilmálum er úthlutun fylgdu.

Felli byggingarnefnd úr gildi byggingarleyfi húss, byggingaráfanga eða stækkunar, skv. ákvæðum byggingarreglugerðar gr. 3. 4. 6., 1. mgr., eftir 1. júlí 1989 skulu gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.